

Aðalfundur LÍ
20. október 2023

Ályktun **um viðvarandi lyfjaskort og undanþágulyf**

Aðalfundur Læknafélags Íslands haldinn í Kópavogi 20. október 2023 kallar eftir aðgerðum vegna viðvarandi lyfjaskorts og til að tryggja öryggi sjúklinga. Á undanförunum árum hefur ítrekað komið upp sú staða að nauðsynleg lyf eru ekki fáanleg, hafa ekki markaðsleyfi á Íslandi eða hafa ekki verið markaðssett af lyfjafyrirtækjum hérlendis. Aðalfundurinn telur þetta ástand óviðunandi.

Læknafélagið kallar eftir raunhæfum aðgerðum til að koma í veg fyrir lyfjaskort og til að knýja fram markaðsleyfi fyrir nauðsynleg og mikið notuð lyf.

Aðalfundurinn telur jafnframt að sama ábyrgð skuli gilda um öll lyf á Íslandi óháð því hvort þau séu með undanþáguskráningu eða á skortslista Lyfjastofnunar. Þannig skal víkja úr lyfjalögum ákvæðum um viðbótarábyrgð lækna við ávísun undanþágulyfja enda er það ekki í valdi læknis að tryggja aðgengi og skráningu á nauðsynlegum lyfjum.

Greinargerð

Aðgengi að lyfjum er einn af grunnþáttum öruggrar heilbrigðisþjónustu. Á undanförunum árum hefur ítrekað komið upp sú staða að nauðsynleg lyf eru ekki fáanleg, hafa ekki markaðsleyfi á Íslandi eða hafa ekki verið markaðssett af lyfjafyrirtækjum hérlendis. Í mörgum tilfellum kallar þetta á að læknir skrifi út sérstakan undanþágulyfseðil fyrir skyld lyf með tilheyrandi viðbótarvinnu og óhagræði fyrir lækna, lyfjafræðinga og ekki síst sjúklinga. Með undanþágulyfseðli þarf læknir að gangast undir óeðlilega íþyngjandi einstaklingsbundna viðbótarábyrgð umfram það sem gildir almennt um lyf með markaðsleyfi á Íslandi. Aðalfundurinn telur þetta ástand óviðunandi og ekki í samræmi við meðalhöfsreglu.

Í nýlegri rannsókn sem birtist í Læknablaðinu kom fram að mikið af undanþágulyfjum sem er ávísað á Íslandi eru þau sömu ár eftir ár.¹ Þar er um að ræða mikið notuð lyf sem ættu með réttu að vera skráð á Íslandi og án kröfu um undanþágulyfseðil. Jafnframt hefur á tímum komið upp skortur á lífsnauðsynlegum lyfjum sem er alvarlegt mál. Til samanburðar má nefna að árið 2020 voru gefnir út fleiri undanþágulyfseðlar á Íslandi heldur en í Svíþjóð og sætir það mikilli furðu þegar horft er til fólksfjölda.¹

LÍ telur þessa stöðu mála alls óásættanlega. Mikilvægt er að allt verði gert til að bæta úr þessari stöðu sem verið hefur viðvarandi alltof lengi og virðist síst vera að lagast. Í því samhengi þarf að huga að raunhæfum aðgerðum til að koma í veg fyrir lyfjaskort og til að knýja fram markaðsleyfi fyrir nauðsynleg og mikið notuð lyf.

Aðalfundurinn telur jafnframt að sama ábyrgð skuli gilda um öll lyf á Íslandi óháð því hvort þau séu með undanþáguskráningu eða á skortslista Lyfjastofnunar. Þannig skal víkja úr lyfjalögum ákvæðum um viðbótarábyrgð lækna við ávísun undanþágulyfja enda er það ekki í valdi læknis að tryggja aðgengi og skráningu á nauðsynlegum lyfjum.

1. Árney Valdimarsdóttir, Anna Bryndís Blöndal og Hjalti Kristinsson. Umfang undanþágulyfja á Íslandi 2020-2021 – greining og samanburður við Svíþjóð árið 2020. Læknablaðið, 2023; 9: 3087.